sýningunni og skilgreina myndefnið af rökfræðilegri yfirvegun listsagnfræðingsins, en minna fer fyrir persónubundnum lýsingum á einstökum málverkum. Hér er eiginlega merkilegur samhljómur í ummælum gagnrýnenda að því leyti, að þeir leggja út af því sama og afgreiða sýninguna á keimlíkan hátt.

Peter M. Hornung segir í Berlingi undir fyrir sögninni **„Lavaen er det bedste akademi"** (Hraunið er besti listaháskólinn): „Þetta er ekki málað af Sandro Chia, sagði málarinn Niels Reumert, þegar hann var að hengja háexpressjóníska portrettmynd íslenzka málarans Jóhannesar Kjarval af Þingvallabóndanum upp á vegg — innan um hin mjög svo ólíku og sveigjanlegu málverk þess mesta náttúrulýsingamálara Íslands.

Portrettmyndin gæti svo sem vel verið árituð af hinum fræga og villta nýexpressjónista Sandro Chia. Og það er ef til vill bakgrunnur þess, að Kunstforeningen sýnir, á eftir Erik Hoppe, ennþá einn nemanda Rostrup Böyesen, sem á árunum '30—'40 sýndi, að landslagsmálverkið gæti einnig verið andleg reynsla. Báðir leituðu einverunnar í norrænum fjallahéruðum. Hoppe í norskum sveitum við Guðbrandsdalinn, Kjarval í mosavöxnum hraunklæddum auðnum Íslands, en þar fyrir utan voru þeir jafn ólíkir og Suðurhaginn (Söndermarken) og Þingvalladalurinn — hinn heilagi staður Íslands." Hornung segir ennfremur: „að þrátt fyrir að Kjarval hafi hrist af sér erlend áhrif sem þroskaður maður og fundið sjálfan sig, hélt hann áfram að sveiflast á milli hinna þungu landslagsáhrifa og hinna ljóðrænu hugsýna um huldufólk, tröll og hafmeyjar. Myndefnin eru jarðnesk með ívafi sterkra náttúruhrifa. Eða neðan- og ofanjarðar, svo sem Chagall gæti hafa málað þær, ef hann hefði verið fæddur í Reykjavík, en ekki í Vitebsk.

Íslendingurinn Jóhannes Kjarval þekkti alltof vel skort þjóðar sinnar á listrænni erfðavenju. Það var ekki mikið að læra af fyrir utan landslagið. Í Kaupmannahöfn hafði hann sogið í sig allt, sem hann gat. „List allra landa stendur okkur góðfúslega til boða," sagði Kjarval.

En sem borgari nýrrar og ungrar þjóðar, sem einmitt hafði losað sig frá Danmörku, var það mikilvægt að sýna sjálfstæði sitt og sanna, að skortur á erfðavenju sé ekki vöntun á möguleikum. Kjarval áleit, að Ísland gæti skapað grundvöll að sjálfstæðu menningarsamfélagi. „Menningarheild með sínu eigin einkenni!" „Listaháskólann höfum við úti í hrauninu," sagði hann við blaðamann, sem rakst á hinn iðna og gáfaða mann á litlu hóteli í Reykjavík. Tveim árum seinna hafði Kunstforeningen í Kaupmannahöfn fyrstu Kjarvalssýningu sína. (Hér er sennilegast um misskilning að ræða, en hins vegar sýndi hann sem heiðursgestur Bandalags ísl. listamanna í Reykjavík þetta ár — og þetta mun í fyrsta skipti sem haldin er sýning á verkum Kjarvals í Kunstforeningen).

Áhuginn fyrir list hans var þegar orðinn mikill á fjórða áratugnum og allt seldist á sýningum hans. Menn hófu að tala um að byggja Kjarvalssafn og byggðu vinnustofu yfir hann (rangt — það gerðist 30 árum seinna).

En hinn mikli sonur Íslands undi sér betur á loftinu í verksmiðjubyggingu (eftir að Kjarvalshús var byggt) — og best úti í landslaginu, þar sem hann gat verið í friði fyrir eyjarskeggjum, er vildu festa sér myndir hans, og þar sem kammertónlist var í hrauninu og steinarnir gátu skip skapi, eftir því hver gekk framhjá þeim. Þar gat maður verið í vafa um, hvort það væri maður sjálfur, sem rannsakaði steinana eða öfugt. Það var nefnilega ekki svo lítið af náttúrudulúð í Jóhannesi S. Kjarval." Og enn heldur Hornung áfram: og ræðir um **„Upprunaleikans djúpu rödd":** „Þar var meira á milli himins og jarðar en augun gátu séð, fannst Kjarval. En jafnvel hið ósýnilega gat orðið sýnilegt í málverki með aðstoð tilfinninganna. Og hinar draumkenndu og hástemmdu sýnir Kjarvals eru ekki minnsti hlutinn í sjálfgerðu sólkerfi hans. Það er byggt af undarlegum höfuðum og svífandi öndum, sem í bland óma frá íslenzkri hjátrú og í bland frá hugarheimi Kjarvals um algyðislega náttúru.

Þessar myndsýnir eru undarlegri og lotningarverðari en hinar breiðu, rökkurþungu landslagsskreytimyndir, sem Niels Reumert hefur fengið að láni frá dönskum heimildum og söfnun.

Það er ekki rými fyrir himininn í þessu yfirþyrmandi norræna eyðimerkurlandslagi, sem er klætt mosa, hraunmassa og þunglyndislegt yfirbragð. Hér lokar fyrirferð fjallanna fyrir útsýnið, ljósið og vonina um að mæta öðru lífi en myndarinnar sjálfrar.

Í norrænni list talar Kjarval með upprunaleikans djúpu myrku rödd um náttúruhugsjón, sem hefur alls ekki rúm fyrir fólk, en þar sem náttúran er þó með mannlega sál. Á stundum virkar hann sem óvænt minning, og skömm fær sá, sem heldur sig vera að skoða minningarsýningu steindauðs Íslendings.

Listi Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals mun lifa svo lengi sem til eru fjöll, fljót og heitir hverir á Íslandi — og dularfull náttúruöfl, sem enginn fær sig til að útskýra."

Þessi listdómur, sem birtist í heild sinni í lauslegri þýðingu, verður að teljast einkennandi fyrir skrif blaðanna í heild. En einnig tengja gagnrýnendur list hans við sagnahefðina, ævintýrin og yfirleitt allt í íslenzkri þjóðtrú. Tala um umbrotamikla skapgerð og einn segir hann jafnvel hafa verið einan um að gefa Íslandi fjölþætta nútíma listasögu (Bent Ivre). Sá hinn sami segir sýninguna takmarkaða og bendir á, að æskilegt hefði verið, að bæði sýningin og sýningarskráin hefðu gefið heillegri mynd af þessum fjölþætta listamanni. En hann segir það ef til vill ekki mögulegt, vegna þess hve margbrotinn Kjarval var.


Gagnrýnandi Politiken, Gunnar Jespersen, skrifar ekki langt mál og erfitt er að átta sig á skrifum hans. Hann er á öndverðum meiði við Peter M. Hornung, hvað hugleigu myndirnar áhrærir og virðist ekki skilja þær. Augljós er einnig fáfræði hans á Íslandi, því að hann segir að á Íslandi sé svo til allt grjót, en inn á milli glitti sparlega í gras. Af grjótinu er að vísu nóg, en við eigum einnig grænasta grasið í Evrópu að því að sagt er. Jespersen er vissulega ekki ýkja hrifinn af hugarflugsmyndum Kjarvals, en segir að þegar hann lýsi raunveruleikanum, sé hann íslenzkasti listamaðurinn, sem hann hafi séð, þá er hann mikill og hreyfanlegur málari, sem gefur okkur sjónrænar lýsingar á landslagi, sem er svo gjörólíkt hinu danska. Hann segir að í myndum sínum af íslenzkri náttúru sé Kjarval á hæð við myndefni sitt. Það sé mikill svipur tilfinninga í þessum landslagsmyndum, og maður skilur, að hann hefur haft sál og skapgerð til að mála sitt villta og stórbrotna umhverfi.

Eiginlega sé það merkilegt, hve oft dæmið hafi gengið upp, því að Kjarval hafi lagt svo mikla áherslu á smáatriðin, þannig að ætla mætti, að heildin væri stöðugt í hættu. Í lokin segir hann: „Í þeim myndum, sem Kjarval lætur frásögnina ekki ráða ferðinni og öllum hennar táknrænu merkingum en heldur sig í einu og öllu við íslenzka náttúru, er hann virkilega mikill málari. En sem betur fer eru flestar myndirnar á sýningunni af þeirri tegund . . ."

Víst er að hér munu fæstir hérlendir sammála, en það má vera að ekki hafi hinn skáldlegi hugarheimur Kjarvals og styrkur hans sem „artista" verið nægilega kynntur á sýningunni. Í heild eru listdómarnir hvorki langir né ítarlegir og segja mér ekki mikið.

Glaðastur verður maður ef til vill yfir lítilli frétt úr Extrablaðinu frá hendi hins þekkta listrýnis Axel Steen. Fyrirsögn hennar er **Islands store Kjarval,** en undirfyrirsögnin: Framúrskarandi málaralist í Kunstforeningen. En engan listdóm frá hendi þessa manns hef ég séð.

Þegar á heildina er litið er auðvelt að álykta að veikleiki sýningarinnar sé sá að við ýtum of miklum upplýsingum að á kostnað myndefnis. Það ber mjög að varast að hugsa fyrir útlendinga, er við sendum þeim myndlistarsýningar og eigum að leyfa þeim sjálfum að spá í myndirnar. Allt annað hefur svip af minnimáttarkennd, sem sæmir ekki stoltri þjóð og kemur okkur sjálfum í koll. — En nú er að bíða og sjá, hvernig sýningunni farnast á hinum Norðurlöndunum . . .



Ertu að flytja?

Þegar við flytjum úr húsnæði þurfum við að huga að ýmsu svo að lífið haldi áfram sinn vanagang. Við látum boð út ganga til vina og vandamanna. Tilkynnum Pósti og síma svo að síminn flytji með okkur og pósturinn komi áfram til okkar og síðast en ekki síst tilkynnum við Rafmagnsveitunni hver mælisstaðan er svo að við borgum ekki rafmagnið fyrir næsta mann sem flytur inn.

Ef þú býrð á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur afgreiðir þú þetta með einu símtali við okkur, síminn er 686222

— og lífið heldur áfram sinn vanagang!

ARGUS/SÍA

RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR
SUÐURLANDSBRAUT 34 SÍMI 68 62 22